Fjórðungssamband Vestfirðinga

Þinggerð

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti

Félagsheimilinu Patreksfirði, 27.-28. október 2026.



Fullgild rafræn undirskrift
VILBORG PÉTURSDÓTTIR
Kennitala: 110189-2819
2026-11-19 10:44:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS ÞÓR BJARNASON
Kennitala: 150575-5759
2026-11-19 11:11:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
REBEKKA HILMARSDÓTTIR
Kennitala: 160484-3309
2026-11-19 11:50:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Þriðjudaginn 27. og miðvikudaginn 28. október 2025 er 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Félagsheimilinu Patreksfirði. Þingið er sett kl. 10:04.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Gylfi Ólafsson setur þingið og býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Gylfi gerir að tillögu að þingforseti verði Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð. Tillagan er samþykkt með lófataki og tekur þingforseti Rebekka Hilmarsdóttir við fundarstjórn, býður hún gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ verði varaþingforseti og að ritarar þingsins verði Magnús Þór Bjarnason og Vilborg Pétursdóttir starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillaga samþykkt með lófataki.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins og gefur leiðbeiningar til þingfulltrúa varðandi þingsköp.

Þingforseti bendir einnig á að upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar nefndir þingsins: Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og ályktanir sem varðar stjórnskipulag Fjórðungssambands og allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings um mál sem hagsmuni landshlutans eins markmið og verkefni sem tekin verða upp á næsta starfsári Fjórðungssambandsins.

Þingforseti kynnir að tillaga sé komin að Kristján Kristjánsson, Ísafjarðarbæ verði formaður og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir varaformaður allsherjarnefndar. Þingforseti spyr hvort að fleiri tillögur séu til formanns, svo er ekki og er tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kynnir að tillaga sé komin að Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað verði formaður og Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi verði varaformaður stjórnskipulagsnefndar. Þingforseti spyr hvort að fleiri tillögur séu til formanns, svo er ekki og tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti fer yfir mætingu á þingið og atkvæðavægi. Mættir voru 43 þingfulltrúa með 89% atkvæðavægi að meðtöldum umboðum, eða 9317,4 atkvæði og þar með falla 4% atkvæði niður dauð, eða 423 atkvæði.

Ávarp formanns – Gylfi Ólafsson

Til máls tók Gylfi Ólafsson formaður Fjórðungssambandsins. Hann fer í upphafi yfir samvinnu sveitarfélaga Vestfjarða frá stofnun Fjórðungssambandsins 1949 og tengingu þessa samstarfs við Kollabúðafundi á nítjándu öld og tengingu við staðfestingu Svæðisskipulags nú í lok ágúst s.l., verkefni sem tók mest allt síðasta kjörtímabil.

Hann þakkar gestum sem eru komnir víða að fyrir komuna og til formlegs og óformlegs samtals og flutti kveðjur frá þingmönnum og fulltrúum Sambandsin sem ekki geta setið þingið. Þingið er mikilvægt fyrir þessa aðila varðandi samtalið, sem er nauðsynlegt til að skiptast á skoðunum og móta stefnu og áherslur .

Gylfi kynnir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu, fer að því yfir í landsmálin og tengingu fjórðungisinns við opinbera stefnumótun við þær tillögur. Þetta tengist innviðamálum, samgöngum og orkumálum og tryggja fjármögnun verkefna. Gylfi minnist sérstaklega á byggingu Verknámshús við MÍ og telur mikið hagsmunamál að koma verkefni af stað, þakkar þann stuðning sem ríkistjórn og barna- og menntamálaráðherra hafa lagt málinu til

Samskipti við ríkisvaldið varðandi tillögur um nýja skipan lögregluumdæma og þeim áhrifum sem þær geta haft í för með sér er Gylfa hugleikið. Einnig í því samhengi umræðu um jöfnun atkvæðisréttar á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og hið mikla misvægi í aðgengi að þjónustu hins opinbera og staðsetningu opinberra starfa.

Gylfi þakkar Hönnu Katrínu Atvinnumálaraðherra að tala máli Vestfjarða varðandi lagareldi, einnig Ólafi Adolfssyni fyrir stuðning við hagsmuni Vestfjarða. Að öðru leiti vísast í þingskjal 4

Ávarp gesta

Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra

Atvinnuvegaráðherra flytur ávarp og þakka móttökur og fagnar þeim hug sem er á Vestfjörðum. Í ávarpi sínu fer hún yfir atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar og tengingu hennar við Vestfirði, þá sérstaklega lagareldi. Ráðherra ræddi annars frumvarp um ræktun á stórþörungum í sjó, ferðaþjónustu, innviðagjaldi og sameiningu ríkisstofnana. Að öðru leyti vísast í ræðu ráðherra.

Ólafur Adolfsson, 1. Þingmaður NV kjördæmis

Þingmaður flytur ávarp og fer yfir helstu mál er varða fjórðunginn. Í máli sínu ræddi þingmaður lagareldi, Fjármál hins opinbera ásamt skattinnheimtu, drift og kraft á Vestfjörðum, kílómetragjald, hann ítrekaði að tillögur þingsinns aðstoða vinnu þingmanna. Að lokum ræddi hann um 5,3% kerfið í byggðakvótakerfinu, strandvæði og byggðafestu. Að öðru leyti vísast til ræðu þingmannsins

María Rut Kristjánsdóttir 6. Þingmaður NV kjördæmis

Þingmaður flutti ávarp á þinginu í máli sínu ræddi hún opinbera fjármögnun og mikilvægi þess að ná tökum á fjármálum ríkisinns, samskipti, traust á milli landsbyggðar og höfuðborgar, grunnþjónusta og trygging hennar, orkumál og mikilvægi þeirra fyrir atvinnulíf, undirbúning og hönnun jarðgangnaframkvæmda, Innviðafélagið, atvinnustefnan og fækkun reglna og verkefni á á Vestfjörðum.

Þingforseti gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir

Atvinnumálaráðherra Hanna Katrín Friðriksson, Ólafur Adolfsson þingmaður og María Rut Kristjánsdóttir þingmaður taka við stuttum fyrirspurnum.

Til máls tóku: Gunnþórunn Bender Vesturbyggð, Gerður Björk Sveinsdóttir Vesturbyggð, Kjartan Þór Ragnarsson Reykhólahrepp,

Atvinnuvegaráðherra og þingmenn svara fyrirspurnum og setja fram sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu.

Þingforseti lokar umræðum við þingmenn.

Þingforseti kynnir að samkvæmt samþykktum Fjórðungsambandsin eigi næst á dagskrá vera kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar en þingforseti hafi ákveðið að sá liður færist undir dagskrárliðinn samstarfsverkefni sveitarfélaga hjá Vestfjarðastofu.

Framlagning þingmála

Þingforseti fór yfir efni þingskapa Fjórðungsþings og þær reglur sem gilda um þau. Tillögur þurfa að vera skriflegar, einnig breytingartillögur. Eftir hverja tillögu er orðið gefið laust og hver þingfulltrúi getur einungis kveðið sér hljóðs tvisvar í hverju máli, nema flutningsmaður og formenn nefnda. Síðan verður tillögunum vísað til nefndar. Þingforseti hvetur einnig þingfulltrúa til að vera gagnorða og sleppa öllum málalengingum. Þingforseti ítrekar að seinni umræða fari fram á miðvikudag að afloknum nefndarstörfum.

Þingforseti kynnti að fyrstu mál á dagskrá væru tillögur Fjárhagsnefndar. Þingforseti leggur til við þingið að orðið verði gefið laust um tillögur fjárhagsnefndar í einu lagi eftir að þær hafa verið kynntar.

Til máls tekur Aðalsteinn Óskarsson (í fjarveru Jóns Árnasonar formanns fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins). Hann kynnir tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands, tillögurnar eru;

- Tillaga um laun stjórnar og nefnda sjá þingskjal 5a,
- Tillaga um árstillag sveitarfélaga, sjá þingskjal 5b,
- Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 sjá þingskjal 5c
- Tillaga um fjárhagsáætlun til þriggja ára, sjá þingskjal 5d

Kynnti Aðalsteinn síðan greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2027, sjá þingskjal 5e.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögu vísar til fjárhagsnefndar.

Gylfi Ólafsson leggur fram tillögu að ályktun stjórnar að ályktun þingsins, „Stefnan mörkuð". Tillaga að ályktun um svæðiskipulag og framtíðarsóknarstefnu Vestfjarða.
Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 6.
Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins. Tillaga að ályktun um gjöld hringsiglingaskip
Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 7. Þingforseti gefur orðið laust, Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson leggur fram tillögu að stjórnar að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um flugsamgöngur á Vestfjörðum
Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða Þingskjal 8
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins.
Tillaga um ályktun um eldisgjöld og endurskoðun hafnarlaga.
Flutningsmaður Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða Þingskjal 9
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins
Tillaga að ályktun um frumvarp til laga um lagareldi,
Flutningsmaður Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða Þingskjal 10
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Til máls tekur Þórkatla Soffía Ólafsdóttir leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins
Tillaga að ályktun um Breiðafjarðarferjuna Baldur
Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða. Þingskjal 11.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Gylfi Ólafsson sem leggur fram tillögu stjórnar að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um stofnun milliþingarnefndar til endurskoðunar samþykkta FV og þingskapa FV.
Þingskjal 12. Þingforseti gefur orðið laust, engin kveður sér hljóðs. Tillögu vísa til stjórnskipunarnefndar

Til máls tekur Kjartan Jónsson leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd.
Flutningsmaður: Kjartan Jónsson fyrir hönd Strandabyggðar. Þingskjal 13.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér máls. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Sigurbjörn Rafn Úlfarsson leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum.
Flutningsmaður: Sigurbjörn Rafn Úlfarsson fyrir Strandabyggðar. Þingskjal 14.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Þorgerður Lilja Björnsdóttir sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um samgöngubætur í Árneshrepp
Flutningsmaður: Þorgerður Lilja Björnsdóttir fyrir hönd Árneshrepps. Þingskjal 15.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Hrefna Jónsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, og Svanfriður Guðrún Bergvinsdóttir sem leggja fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um sameiginlega skólaþjónustu
Flutningsmaður: Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahrepp, Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað og Svanfriður Guðrún Bergvinsdóttir Ísafjarðarbæ. Þingskjal 16. Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tekur Elísabet Margrét Jónasdóttir sem leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum
Flutningsmaður: Elísabet Margrét Jónasdóttir fyrir hönd Súðavíkurhrepps. Þingskjal 17.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til stjórnskipulagsnefndar.

Til máls tekur Finnur Ólafsson leggur fram tillögu að ályktun þingsins.
Tillaga að ályktun um mikilvægi fjölbreyttrar aðgerða innan 5,3% kerfisinns.
Flutningsmaður: Finnur Ólafsson fyrir hönd Kaldrananeshrepps. Þingskjal 18.
Þingforseti gefur orðið laust, enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til stjórnskipulagsnefndar.

Þingforseti gerir nú hlé á þingstörfum kl. 12.05 fyrir hádegishlé.

Þingforseti setur þingið aftur kl. 12:57 og gengið til boðaðar dagskrár um efni þingsins sem er í tveim liðum A og B.

Þingforseti gefur Sigríði Ólöfu Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu orðið og bíður henni að stýra dagskrá eftir hádegi. Sigríður fer yfir næstu verkefni fjórðungsþings og kynnir næstu dagskrárliði. Sigríður líkur máli sínu á að þakka Skúla Gautssyni fyrir störf sín sem menningarfulltrúa Vestfjarða, en hann líkur störfum vegna aldurs. Þingfulltrúar þakka Skúla störf hans og framlag til menningarmála Vestfjarða með standandi lófaklappi.

A. Kynning starfsmanna Vestfjarðastofu á verkefnum

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar ræðir vinnu varðandi Svæðisskipulag og mikilvægi þeirra vinnu varðandi atvinnu og samfélagsþróun á Vestfjörðum. Mikilvægt stefnumótunarskjal varðandi samskipti við ríkisvaldið gagnvart stefnumótun og hagsmunagæslu fyrir svæðisinns. Aðalsteinn fer inn á hvernig best sé að vinna betur saman. Viðhorfskönnun meðal sveitarstjórnarmanna rætt og þau atriði sem vöktu athygli þar, jafnvægi á milli nytja og verndar þarf að huga að.

Aðalsteinn gefur Sölva R. Guðmundssyni Markaðsstofustjóra Vestfjarða orðið. Sölvi fer yfir störf Markaðsstofunnar, hvernig þau nálgast störf sín og hvaða ferðaþjónustuverkefni liggja fyrir núna. Minnist á hvað sveitarstjórnarmenn geta gert fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum og þar er ímyndin mikilvæg, óskað eftir aðstoðar sveitarstjórnamanna til að tala upp Vestfirði.

Anna Sigríður Ólafsdóttir (Annska) tekur við orðinu hefur kynningu varðandi menningu og miðlun. Fer yfir helstu miðlunarleiðir Vestfjarðastofu vefi, fréttabréf, samskiptamiðla, fundi og ráðstefnur. Hvetur fundargesti að skrá sig fyrir fréttabréfi Vestfjarðastofu og svo kynna sér efni á vef Vestfjarðastofu. Annska mun taka við sem menningarfulltrúi af Skúla Gautasyni, lýsir mikilvægi menningar fyrir samfélagið. Annska gefur Skúla orðið. Skúli ræðir um mikilvægi jákvæðra hugrenningartengsl gagnvart Vestfjörðum og það byrjar á menninguni. Skúli spyr hvernig styrkja megi menningu? og lykillin þar er að mæta, hringja og tala um vestfirska menningu.

Hjörleifur Finnsson fær næst orðið varðandi umhverfisverkefni á vegum Vestfjarðastofu. Fer yfir þá málaflokka sem voru á hans könnu og hvernig þeir tengjast saman. Farið inná tengingu við vinnu við Svæðisskipulag og markmið þeirra aðgerða. Hjörleifur ræðir mikilvægi loftslagsaðgerða og hvað sveitarfélög þurfa að gera til klára þá vinnu.

Ingibjörg Benediktsdóttir tekur næst til orða og ræðir um verkefnin brothættar byggðir sem eru í gangi á Tálknafirði, Reykhólum og Kaldrananeshreppi. Fer yfir staðbundinn verkefni á hverjum stað. Rætt um mikilvægi þátttöku og hvernig verkefni skila mestum árangri fyrir byggðirnar og áhrif sveitarfélaga á verkefnin.

Guðrún Anna fær næst orðið og ræðir um atvinnuþróun á Vestfjörðum. Fer yfir verkefni sem teymi atvinnuþróunar hefur verið vinna að, fékk Gullkistan Vestfirðir þar sérstaka umfjöllun. Magnús Þór fékk næst orðið og kynnti þar þau verkefni sem hann hefur unnið sérstaklega að.

Erna Lea fær næst orðið og ræðir um störf varðandi störf sína sem farsældarfulltrúa og störf sem ungmennafulltrúi. Samskipti og samstarf skiptir starf farsældarfulltrúi miklu máli, mál ungmenna.

Sigríður tekur næst til máls og ræðir um vinnu við Sóknaráætlun og úthlutanir uppbyggingarsjóð. Magnea kynnir greiningu þeirra á úthlutunum uppbyggingarsjóðs á milli svæða. Í hlutföllum, tölum og flokkum ásamt breytingar á þessum þáttum á milli svæða.

B. Vinnustofa um forgangsröðun Svæðisskipulags

Sigríður tekur til máls og fer yfir skipulag vinnustofunnar. Kynnir svo niðurstöðu könnunar sem send var til nýrra sveitarstjórnarmanna. Sigríður kynnir hvað og hvað ekki verður til umræðu á vinnustofunum á grundvelli könnunar. Endar á að spyrja fund „Ef vegirnir væru góðir og rafmagnið öruggt á morgun – hvað myndi þá enn halda aftur af þínu samfélagi". Vísað í niðurstöðu svara þinggesta.

Sigríður líkur fyrri hluta vinnustofu kl.15:00 og boðar til kaffihlés. Sigríður tekur til máls kl.15:15 og biður fundargesti að hefja seinni hluta vinnustofu og svara þeim spurningum sem liggur fyrir, að því loknu munu hópstjórar kynna niðurstöður vinnuhópanna.

a. Gylfi Ólafsson tekur saman umræður vinnuhóps um húsnæðismál. Gerir grein fyrir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.
b. Þórkatla S. Ólafsdóttir tekur saman umræður vinnuhóps um heilbrigði og velferð. Gerir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.
c. Martha K. Pálmadóttir tekur saman umræður vinnuhóps um ungt fólk og menntun. Gerir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.
d. Guðrún Anna Finnbogadóttir tekur saman umræður vinnuhóps um atvinnuþróun og nýsköpun. Gerir grein fyrir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.
e. Gerður Sveinsdóttir tekur saman umræður vinnuhóps um ferðaþjónusta og áfangastaðurinn. Gerir grein fyrir niðurstöðum, Vísað í skjal frá borðritara.
f. Hrafnhildur Þorsteinsdóttir tekur saman umræður vinnuhóps um umhverfi, hringrás og náttúruvá. Gerir grein fyrir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.
g. Elísabet Jónasdóttir tekur saman umræður vinnuhóps um getu og samvinnu sveitarfélaga. Gerir grein fyrir niðurstöðum. Vísað í skjal frá borðritara.

Sigríður tekur máls og þakkar starfsmönnum vinnuborða fyrir störf sín. Vinna verður tekin saman og kynnt sveitastjórnarfulltrúum seinna.

Þingforseti tekur til máls og kynnir dagskrá heimsóknar skipulagða af Vesturbyggð, ásamt dagskrá Þingforseti gerir hlé á fund kl.16:16.

Miðvikudagur

Þingforseti kynnir dagskrá dagsins kl 09:08

Nefndarstörf

Þingforseti fer yfir fyrirkomulag vinnu við nefndarstörf.

Fyrst fer fram vinna í stjórnskipulagsnefnd sem að Magnús Ingi Jónsson formaður stjórnarskipulagsnefnd stýri

9:15 hefst vinna með vinnuhópum allsherjarnefndar. Eftir vinnu allsherjarnefndar fór Kristján Kristjánsson formaður allsherjar nefndar yfir ályktanir nefnda og þær afgreiddar úr nefndum.

Þingforseti gerir hlé á fundi kl:11:20 á meðan Magnea Garðarsdóttir, starfsmaður fundar gerir ályktanir tilbúnar til afgreiðslu.

Afgreiðsla ályktana

Þingforseti setur þing á nýju kl.11:48. Forseti fer yfir form afgreiðslna og afgreiðslu. Þingforseti Rebekka Hilmarsdóttir þakkar fulltrúum samstarfið á þinginu en hún þurfi því miður að ljúka störfum sem þingforseti vegna annarra starfa. Þingforseti gefur varaforseta Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ eftir stjórn fundar.

Þingforseti gerir að tillögu að ályktanir um fjármál þ.e. þingskjöl 5a,b,c og d verði allar bornar upp til afgreiðslu í einu lagi. Þingforseti ber tillögu undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur Magnús Inga Jónssyni, formanni stjórnskipunarnefndar orðið. Formaður stjórnskipunarnefndar ber fram ályktun um stofnun milliþingarnefndar til endurskoðunar samþykkta

FV og þingskapa FV Þingskjal 19 áður 12. Engin kveður sér til hljóðs. Ályktun borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur Kristján Kristjánssyni formanni allsherjarnefndar orðið og gerir hann grein fyrir ályktum allsherjarnefndar.

Ályktun gjöld á hringsiglinga þingskjal 20 áður 7. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um Breiðarfjarðarferjan Baldur – Þingskjal 21. áður 11. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um stöðu fjárskiptamála á Vestfjörðum – þingskjal 22. áður 14. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um samgöngubætur í Árneshreppi Þingskjal 23 áður 15. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum þingskjal 24 áður 17. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um flugsamgöngur á Vestfjörðum þingskjal 25 áður 8. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um eldisgjöld og endurskoðun hafnarlaga. Þingskjal 26 áður 9. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um frumvarp til laga um lagareldi. Þingskjal 27 áður 10. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um aukna jarðhitaleit ásamt áherslu á Gálmaströnd. Þingskjal 28 áður 13. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um mikilvægi fjölbreyttra aðgerða innan 5,3% innan kerfisinns. Þingskjal 29 áður 18. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun um sameiginlega skólaþjónustu. Þingkjal 30, áður 16. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Ályktun „stefnan er mörkuð". Þingskjal 31 áður 6. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti þakkar Kristjáni Kristjánssyni formanni allsherjarnefndar störf sín og gefur Aðalsteini Óskarssyni orðið fyrir hönd fjárhagsnefndar.

Aðalsteinn leggur fram tillögur fjárhagsnefndar. Þingskjöl 32a,b,c,d,e áður 5

Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Ályktun borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Kosning varamanns utan svæðis í fagráð menningar

Þingforseti gefur Gunnþórunn Bender orðið. Gunnþórunn leggur fram fyrir hönd kjörnefndar tillögu um varamann utan svæðis í fagráð menningar. Kjörnefnd leggur til að Elín Smáradóttir sýningarstjóri Þjóðleikhússins verði varamaður utan svæðis í fagráð menningar. Þingforseti gefur orðið laust. Engin tekur til máls. Tillaga borin upp til samþykkta. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Þingforseti þakkar þingfulltrúum traustið og samstarfið. Hún þakkar starfsfólki Fjórðungssambandsins og gestgjöfum. Þingforseti óskar leyfi þingsins til að þingritarar og þingforseti gangi frá þinggerð, samþykkt með lófaklappi.

Gylfi Ólafsson, formaður Fjórðungsþings Vestfjarða tekur við og þakkar starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf og sérstaklega samtakamátt fundar samstöðuna um öll helstu mál.

Formaður slítur 71. Fjórðungsþingi kl.12:23

Rebekka Hilmarsdóttir
þingforseti

Magnús Þór Bjarnason
þingritari

Vilborg Pétursdóttir
þingritari

Þingskjöl 71. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti

Þingskjal 1, Dagskrá

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-1-dagskra-uppfaerd.pdf

Þingskjal 2, Atkvæðavægi

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-2-atkvaedavaegi-2026-haust.pdf

Þingskjal 3, Samþykktir og þingsköp

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/70thing/70vor/samthykktir-og-thingsk-19.okt2024.pdf

Þingskjal 4, Ávarp formanns

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-4-raeda-formanns.pdf

Þingskjal 5a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-5a-tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda-2026-2027.pdf

Þingskjal 5b, Tillaga að árstillagi

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-5b-arstillag-sveitarfelaga-.pdf

Þingskjal 5c, Tillaga um fjárhagsáætlun 2026

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-5c-fjarhagsaaetlun-2027.pdf

Þingskjal 5d, Tillaga um fjárhagsáætlun til þriggja ára

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-5d-tillaga-um-fjarhagsaaetun-til-thriggja-ara.pdf

Þingskjal 5e, Greinagerð fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-5e.-greinargerd-fjarhagsaaetlun-2027-og-thriggja-ara-aaetlun.pdf

Þingskjal 6 - Tillaga að ályktun - Stefnan er mörkuð

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-6-tillaga-ad-alyktun-stefnan-er-morkud.pdf

Þingskjal 7 - Tillaga að ályktun um gjöld á hringsiglingaskip

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-7-tillaga-ad-alyktun-um-gjold-a-hringsiglingaskip.pdf

Þingskjal 8 - Tillaga að ályktun um flugsamgöngur á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-8-tillaga-ad-alyktun-um-flugsamgongur-a-vestfjordum-1-.pdf

Þingskjal 9 - Tillaga að ályktun um eldisgjöld og endurskoðun hafnalaga

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-9-tillaga-ad-alyktun-um-eldisgjold-og-endurskodun-hafnalaga-1-.pdf

Þingskjal 10 - Tillaga að ályktun um frumvarp til laga um lagareldi

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-10-tillaga-ad-alyktun-um-frumvarp-til-laga-um-lagareldi.pdf

Þingskjal 11 - Tillaga að ályktun um Breiðafjarðarferjuna Baldur

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-11-tillaga-ad-alyktun-um-breidafjardaferjuna-baldur.pdf

Þingskjal 12 - Tillaga að ályktun um stofnun milliþingarnefndar til endurskoðunar samþykkta FV og þingskapa FV

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-12-tillaga-ad-alyktun-um-stofnun-millithinganefndar-til-endurskodunar-samthykkta-fv-og-thingskapa-fv.pdf

Þingskjal 13 - Tillaga að ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-13-tillaga-ad-alyktun-um-heitavatnsleit-a-galmastrond.pdf

Þingskjal 14 - Tillaga að ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-14-tillaga-ad-alyktun-um-stodu-fjarskiptamala-a-vestfjordum.pdf

Þingskjal 15 - Tillaga að ályktun um samgöngubætur í Árneshreppi

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-15-tillaga-ad-alyktun-um-samgongubaetur-i-arneshreppi.pdf

Þingskjal 16 - Tillaga að ályktun um sameiginlega skólaþjónustu

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-16-tillaga-ad-alyktun-um-sameiginlega-skolathjonustu.pdf

Þingskjal 17 - Tillaga að ályktun um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-17-tillaga-ad-alyktun-um-framkvaemdir-vid-jardgong-a-vestfjordum.pdf

Þingskjal 18 - Tillaga að ályktun um mikilvægi fjölbreyttra aðgerða innan 5,3% kerfisins

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-18-tillaga-ad-alyktun-um-mikilvaegi-fjolgbreyttra-adgerda-innan-5-3-kerfisins.pdf

Þingskjal 19 áður 12 - Ályktun um stofnun milliþingarnefndar til endurskoðuunar samþykkta FV og þingskapa FV

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-19-adur-12-alyktun-um-stofnun-millithinganefndar-til-endurskodunar-samthykkta-fv-og-thingskapa-fv.pdf

Þingskjal 20 áður 7 - Ályktun um gjöld á hringsiglingaskip

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-20-adur-7-alyktun-um-gjold-a-hringsiglingaskip.pdf

Þingskjal 21 áður 11 - Ályktun um Breiðafjarðarferjuna Baldur

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-21-adur-11-alyktun-um-breidafjardaferjuna-baldur.pdf

Þingskjal 22 áður 14 - Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-22-adur-14-alyktun-um-stodu-fjarskiptamala-a-vestfjordum.pdf

Þingskjal 23 áður 15 - Ályktun um samgöngubætur í Árneshrepp

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-23-adur-15-alyktun-um-samgongubaetur-i-arneshreppi.pdf

Þingskjal 24 áður 17 - Ályktun um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-24-adur-17-alyktun-um-framkvaemdir-vid-jardgong-a-vestfjordum.pdf

Þingskjal 25 áður 8 - Ályktun um flugsamgöngur á Vestfjörðum

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-25-adur-8-alyktun-um-flugsamgongur-a-vestfjordum.pdf

Þingskjal 26 áður 9 - Ályktun um eldisgjöld og endurskoðun hafnalaga

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-26-adur-9-alyktun-um-eldisgjold-og-endurskodun-hafnalaga.pdf

Þingskjal 27 áður 10 - Ályktun um frumvarp til laga um lagareldi

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-27-adur-10-alyktun-um-frumvarp-til-laga-um-lagareldi.pdf

Þingskjal 28 áður 13 - Ályktun um aukna jarðhitaleit ásamt áherslu á Gálmaströnd

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-28-adur-13-alyktun-um-aukna-jardhitaleit-asamt-aherslu-a-galmastrond.pdf

Þingskjal 29 áður 18 - Ályktun um mikilvægi fjölbreyttra aðgerða innan 5.3% kerfisins

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-29-adur-18-alyktun-um-mikilvaegi-fjolgbreyttra-adgerda-innan-5-3-kerfisins.pdf

Þingskjal 30 áður 16 - Ályktun um sameiginlega skólaþjónustu

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-30-adur-16-alyktun-um-sameiginlega-skolathjonustu.pdf

Þingskjal 31 áður 6 - Ályktun "Stefnan mörkuð"

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjal-31-adur-6-alyktun-stefnan-er-morkud.pdf

Þingskjal 32a,b,c,d,e áður 5 - Fjárhagsáætlun og árstillag

https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsthing/71thing/thingskjol-32a-b-c-d-e-adur-5.-fjarhagsaaetlun.pdf